



5. nóvember 2019

Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna

Stúdentaráð telur að innleiðing námsstyrkja sé stórt skref í rétta átt og er endurskoðun námslánakerfisins löngu tímabær. Á sama tíma er fyrir séð að nýtt kerfi boðar mikla óvissu fyrir endurgreiðendur námslána sem hægt væri að leysa með því að fjárfesta í menntun.

Vaxtafyrirkomulag námslána í fyrirhuguðu námslánakerfi er óásættanlegt. Vextir á námslánunum munu fara úr því að vera fastir í 1%, eins og hefur verið í gildandi umhverfi, í að verða hærri, breytilegir og án hámarks. Þá er ákvörðun vaxtastigs námslána háð ófyrirsjáanlegum breytum og er áhættu sjóðsins vegna vaxtamismunar útlána hans og námslána varpað á herðar stúdenta. Þessar breytingar munu fyrirsjáanlega gera nýtt kerfi töluvert óhagstæðara en núverandi kerfi fyrir stóran hluta stúdenta.

Stúdentaráð gagnrýnir ófrávíkjanlegt markmið frumvarpsins um að námslánahlutinn *skuli standa að fullu undir sér og að lánahlutinn verði sjálfbær*. Ítrekað er vísað til þess að vaxtafyrirkomulagið sem boðað er sé forsenda þess að nýtt kerfi gangi upp og að þessu markmiði verði náð. Þessu markmiði má ekki vera stillt skörinni ofar en hagsmunum stúdenta. Að mati Stúdentaráðs eru rök um sjálfbærni lánahlutans samhliða markaðsvæðingu vaxtakjara yfirlýsing yfir þá staðreynd að enginn vilji er til staðar til að auka námsstuðning á Íslandi, enda miðar frumvarpið einungis að því að dreifa þeim stuðningi sem *þegar er til staðar* á jafnari hátt. Tekjur ríkissjóðs af nýja kerfinu geta verið u.þ.b. 1-3 milljarðar króna á ári skv. [mati um þjóðhagslegan ávinning](#) af kerfinu, unnið af Summu ráðgjöf ehf. Á sama tíma standa útgjöld ríkisins til námslánakerfisins í stað. Hér er því glatað færi ríkisins á að fjárfesta í menntun og eftir stendur að stúdentar landsins njóta ekki góðs af tekjuaukningu ríkissjóðs sem námslánakerfið mun skila.

Framfærslulánunum, markmiði og hlutverki sjóðsins eða stjórnar hans er ekki breytt frá frumvarpsdrögum sumarsins. Því stefnir ekki í að breytingar verði á högum stúdenta meðan námi stendur. Til þess að stúdentar eigi kost á því að klára nám á réttum tíma og njóta góðs af 30% niðurfellingu höfuðstóls við námslok verður að tryggja möguleika þeirra á að framfleyta sér á námstíma.

Stúdentaráð leggur til að fjárfesting í menntun verði leiðarljós þingsins við meðferð þessa frumvarps. Þeir milljarðar sem kerfið skilar ríkissjóði ár hvert skuli renna aftur í námslánakerfið og tryggja fyrirsjáanleika fyrir greiðendur námslána svo vaxtastig verði ekki án hámarks. Umfram það vísar Stúdentaráð til [umsagnar ráðsins](#) við Menntasjóð námsmanna, dags. 5. nóvember 2019, sem finna má á student.is.